

# Fundargerð

## Rauði krossinn við Eyjafjörð Stjórnarfundur í Viðjulundi, Akureyri, þriðjudaginn 29. okt. 2024 kl. 17:00

Mætt: Þorsteinn K. Björnsson, formaður, Sigríður Stefánsdóttir, Kári Fannar Lárusson, Kristjana Valgeirsdóttir, Jón Baldvin Hannesson, Eva Hrund Einarsdóttir.

Boðuð forföll: Hilmar Friðjónsson, Konráð K. Baldursson

Starfsmenn: Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar.

### 1. Erindi til stjórnar Rauða krossins vegna fataverkefnis

Lagt var fram til kynningar erindi vegna fataverkefnis dags. 25.10.2024 til stjórnar Rauða krossins á Íslandi frá Eyjafjarðardeild. Erindið er undirritað af formanni f.h. deildarinnar, en samþykkt var á síðasta fundi að semja það og hefur það þegar verið sent.

### 2. Erindi frá stjórn Rauða krossins í Þingeyjarsýslu

Lagt var fram erindi dags. 22.10.2024 frá stjórn Rauða krossins í Þingeyjarsýslu, til stjórnar Rauða krossins við Eyjafjörð. Með erindinu, sem barst í tölvupósti undirritað af Brynjari Þór, formanni vill Þingeyjarsýsludeild kanna áhuga á sameiningu deildanna og óskar eftir fundi, þar sem sá möguleiki verði ræddur.

Stjórnin bendir á að fyrir liggja tillögur frá „Framtíðarnefnd“ félagsins um leiðir til að styrkja og efla starf Rauða krossins um land allt. Stjórnin er tilbúin til að ræða við stjórn Þingeyjarsýsludeildar og heyra um hugmyndir þeirra.

Framkvæmdahópi stjórnar ásamt deildarstjóra falið að vinna málið áfram.

### 3. Starfsmannamál, starf húsvarðar

Deildarstjóri gerði grein fyrir að ráðið hefði verið í stöðuna til þriggja mánaða.

### 4. Fjárhagsáætlun 2025

Unnið að gerð fjárhagsáætlun fyrir árið 2025. Deildarstjóri gerði grein fyrir helstu breytingum og álitamálum.

Jón Baldvin yfirgaf fundinn kl. 19, undir umræðum um þennan lið.

Afgreiðslu vísað til næsta fundar, sem verður 12. nóv.

### 5. Önnur mál

a) Samningur um leigu vegna hundasnyrtingar í syðsta enda húsnæðisins rennur út um áramót. Leigutakar óska eftir endurnýjun á samningi. Deildarstjóra falið að ræða við leigutaka.

Fleira ekki, fundi slitið kl. 19.46.

Fundarritari: Sigr.Stef.

Þorsteinn K. Björnsson  
Kristjana V. Valgeirsdóttir  
Sigríður Stefánsdóttir  
Eva Hrund Einarsdóttir